

# VALITOR

Til sveitastjórnenda



Reykjavík, 15. apríl 2014

Efni: Heilsu- og hvatningarverkefnið Hjólað í vinnuna.

## Ágæti viðtakandi

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands stendur fyrir heilsu- og hvatningarverkefninu Hjólað í vinnuna dagana 7. – 27. maí næstkomandi í tólfta sinn. Meginmarkmið Hjólað í vinnuna er að vekja athygli á virkum ferðamáta sem heilsusamlegum, hagkvæmum og umhverfisvænum samgöngumáta.

Óskum við eftir liðsinni ykkar til að hvetja vinnustaði á ykkar svæði til þátttöku. Það getið þið gert t.d. með því að nýta heimasíðuna ykkar til að segja frá keppninni, hvetja til þátttöku og fylgja eftir árangri liða í sveitarfélaginu. Sambærilegt hvatningarbréf hefur verið sent á öll héraðssambönd og íþróttabandalög og til íþrótt- og tómsundarfulltrúa.

## Verðlaun til vinnustaða innan ykkar sveitarfélags:

Inni á vef Hjólað í vinnuna, [www.hjoladivinnuna.is](http://www.hjoladivinnuna.is), er hægt að skoða stöðu vinnustaða innan hvers sveitarfélags, en þar raðast vinnustaðirnir upp í flokka eftir heildarfjölda starfsmanna. Sem hvatningu til ykkar vinnustaða hvetjum við ykkur til þess að skoða þann möguleika að veita þeim vinnustöðum viðurkenningar eða verðlaun sem ná góðum árangri eða leggja sig fram við að hvetja sitt fólk til þess að tileinka sér virkan ferðamáta.


Skráning er hafin inn á [www.hjoladivinnuna.is](http://www.hjoladivinnuna.is).

Aðalstyrktaraðili Hjólað í vinnuna er Valitor, aðrir samstarfsaðilar eru Embætti landlæknis, Rás 2, Advania, Örninn, Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar, Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn, Landssamtök hjólréiðamanna, Hjólréiðanefnd ÍSÍ, Hjólaferni, Kaffítar og Ölgerðin.

Nánari upplýsingar um Hjólað í vinnuna er að finna á [www.hjoladivinnuna.is](http://www.hjoladivinnuna.is), einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið [hjoladivinnuna@isi.is](mailto:hjoladivinnuna@isi.is) eða hafa samband við Sigríði Ingu Viggósdóttur, sviðsstjóra Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ (s: 5144000, [sigridur@isi.is](mailto:sigridur@isi.is)).

Virðingarfyllt,  
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

Hafnarfjarðarbær
Innk: 22.4.2014
Málsnr: 1404313
Bréfal: 253-0

  
Líney Rut Halldórsdóttir  
framkvæmdastjóri ÍSÍ

  
Sigríður Inga Viggósdóttir  
sviðsstjóri Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ

## Samstarfsaðilar

